

12

14. gr.

24. febr.

Reglugerð þessi fær gildi er aðalfundur hefir samþykkt hana og heilbrigðismálaráðherra staðfest hana. Henni verður því aðeins breytt að sama aðferð sé höfð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. febrúar 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

13

REGLUGERÐ

4. marz

um viðauka við reglugerð um útvarpsrekstur ríkisins frá 24. janúar 1936.

Á eftir orðunum: „og er þá uppsögnin bundin við 30. júní sama ár“ í 55. gr. komi ný setning svo hljóðandi: Útvarpsnotandi, sem segir upp útvarpsnotum, getur ekki tekið þau upp að nýju fyrir en að 6 mánuðum liðnum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 68, 28. des. 1934, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 4. marz 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

14

ARÐSKRÁ

4. marz

fyrir veiðifélag Vatnsdalsár.

Arður af veiði í fiskihverfi Vatnsdalsár telst í 1300 einingum, er skulu skiptast milli jarða á félagssvæðinu, svo sem hér segir:

Hjaltabakki	33
Skinnastaðir	34
Akur	62
Stóra-Giljá	5
Beinakelda	4
Litla-Giljá	4
Hnausar	88
Bjarnastaðir	50
Másstaðir	12
Hjallaland	10
Hvammur	20
Eyjólfstaðir og Bakki	18
Hof	32
Köflustaðir	18
Gilá	10
Mararnúpur	6
Guðrúnarstaðir	2
Kárdalstunga	1
Þórormstunga	38
Þorfustaðakot	44